

Fundargerð 55. stjórnarfundar Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga

Dags 30.8.2023
Tími 12:00 - 14:00
Staðsetning Fjarfundur og fundasalur Vestfjarðastofu
Mætt: Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir (fjarfundur), Lilja Magnúsdóttir, Magnús Ingi Jónsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Halldór Halldórsson, Friðbjörg Matthíasdóttir (fjarfundur), Gauti Geirsson (fjarfundur), Jónas Heiðar Birgisson (fjarfundur), Aðalsteinn Egill Traustason (fjarfundur), Finnur Ólafsson, áheyrnarfulltrúi (fjarfundur).
Aðalsteinn Óskarsson sviðsstjóri og Magnea Garðarsdóttir verkefnastjóri rituðu fundinn. Sölvi Guðmundsson, Skúli Gautason, Anna Sigríður Ólafsdóttir og Hjörleifur Finnsson starfsmenn Vestfjarðastofu komu inn á fundinn undir ákveðnum dagskrárliðum.

Formaður setti fundinn og bauð alla velkomna og kallaði eftir athugasemdum við boðun fundarins.

Engin athugasemd kom fram, en áður en gengið var til dagskrár, skýrði formaður stöðu varðandi starfsemi Vestfjarðastofu við fráfall eiginmanns framkvæmdastjóra. Í tímabundnu leyfi framkvæmdastjóra hefur Aðalsteinn verið starfandi framkvæmdastjóri og eins hafa starfsmenn gengið í verkefni eftir því sem þurft hefur. Stjórn þakkar starfsmönnum fyrir þeirra hlutdeild sem sýnir þann mannauð sem Vestfjarðastofu býr að. Stjórn sendir eftirfarandi samúðarkveðju;

Stjórn Vestfjarðastofu sendir Sigríði Ó. Kristjánsdóttir framkvæmdastjóra og hennar fjölskyldu innilegar samúðarkveðjur og hlýhug við fráfall Sigurðar Arnórssonar eiginmanns Sigríðar.

Dagskrá

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Skýrsla framkvæmdastjóra
2. Fjórðungsþing að hausti
3. Sóknarhópur, stórfundur
4. Skaginn 3x (Baader) lokun starfsstöðvar á Ísafirði
5. Brothættar byggðir
 - a. Áfram Árneshreppur – fundargerð íbúafundar
 - b. Málþing um verkefnið Brothættar byggðir, 10 ára starf.
6. Bréf frá Forsætisráðuneytinu, skipan fulltrúa HrafNSEYRARNEFND

Fundur stjórnar FV

7. Minnisblað frá Hjörleifi Finnssyni verkefnastjóra um EarthCheck
8. Boðun 68. Fjórðungsþings að hausti
9. Uppbyggingarsjóður. Úthlutunarreglur og auglýsing.
10. Fundargerðir til kynningar

- a. Fundargerð 97. fundar stjórnar SSNV 21. ágúst 2023
https://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/fundergerdir_stjornar/2023/fundargerd-auka-fundar-stjornar-ssnv.pdf
- b. 597. stjórnarfundur SASS. 30. júní 2023
<https://www.sass.is/597-fundur-stjornar-sass/>

11. Umsagnir:

- a. Afgreiddar umsagnir til Alþingis
- b. Afgreiddar umsagnir í Samráðsgátt
- c. Afrakstur umsagna.
- d. Umsagnarbeiðni
- e. Umsagnir til skoðunar

Að loknum fundi stjórnar hefst vinnufundur stjórnar um undirbúnings Fjórðungsþings að hausti

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Skýrsla framkvæmdastjóra

Aðalsteinn Óskarsson starfandi framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni Vestfjarðastofa frá síðasta stjórnarfundum. Aðalsteinn minnti einnig á skipurit Vestfjarðastofu og hvernig það er uppsett varðandi stöðu framkvæmdastjórnar. Til máls tók Lilja.

Anna Sigríður (Annska), Hjörleifur og Sölvi mættu til fundar.

Anna Sigríður er nýr verkefnastjóri miðlunar og Hjörleifur er nýr verkefnastjóri umhverfis og loftlagsmála. Stjórn bauð þau velkomin til starfa og kynnti sig fyrir þeim ásamt því að þau sögðu stuttlega frá sínum bakgrunni og um það starf sem þau hafa verið ráðin til.

Annska og Hjörleifur viku af fundi.

2. Fjórðungsþing að hausti

68. Fjórðungsþing Fjórðungssambands Vestfirðinga að hausti verður haldið í Bolungarvík 6. -7. október næstkomandi. Drög að dagskrá þingsins lögð fram til kynningar

Rætt um aðkomu og aðild sóknarhóps að fjórðungsþingi.

Til máls tóku; Jóhanna, Halldór og Elísabet

3. Sóknarhópur, stórfundur

Aðalsteinn og Sölvi kynntu fyrirhugaðan stórfund Sóknarhóps. Drög að dagskrá lögð fram til kynningar, endaleg dagsetning liggur ekki fyrir en er fundurinn er fyrirhugaður um mánaðarmót sept/okt

Sölvi vék af fundi.

4. Skaginn 3X (Baader) lokun starfsstöðvar á Ísafirði

Þann 18. ágúst s.l. var tilkynnt að stjórn Skagans 3X ehf hafi ákveðið að leggja niður starfsstöð fyrirtækisins á Ísafirði en þýska fyrirtæki Baader á allt hlutafé í félaginu eftir kaup á síðasta ári.

Formaður ræddi stöðu málsins og lagði til bókun. Til máls tóku Halldór, Gauti, Elísabet, Fríða og Nanný.

Stjórn Vestfjarðastofu harmar þá ákvörðun að leggja niður starfstöð Baader á Ísafirði og telur mikilvægt að leitað verði allra leiða til að halda í þann mannauð og þekkingu sem skapast hefur á þessum vinnustað. Stjórnin furðar sig á því að fyrirtækið sjái ekki tækifæri í taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu á svæði sem er í örum vexti.

Bókun samþykkt samhljóða

5. Brothættar byggðir

Lögð fram til kynningar fundargerð íbúafundar Áfram Árneshreppur þann 16. ágúst s.l. Aðalsteinn fór yfir efni fundarins og svaraði fyrirspurnum.

Lagt fram til kynningar auglýsing frá Byggðastofnun, um málþing um verkefnið Brothættar byggðir, í tilefni þess að 10 ár eru frá því fyrsta verkefnið hófst á Raufarhöfn. Málþingið verður haldið þann 5. október n.k. á Raufarhöfn.

6. Bréf frá Forsætisráðuneytinu, skipan fulltrúa Hrafnsýrnarnefnd

Vísað til 53. stjórnarfundar þann 17. maí s.l. þar sem svarað er erindi forsætisráðuneytis um tilnefningu Vestfjarðastofu í Hrafnsýrnarnefnd. Kynnt að forsætisráðherra hafi með bréfi, tilnefnt Aðalstein Óskarsson í nefndina og Steinunni Ásu Sigurðardóttur til vara.

Til máls tók Nanný.

Formaður slítur fundi stjórnar Vestfjarðastofu kl 12:55

Halldór, Gauti, Elísabet, Friðbjörg og Jónas víkja af fundi

Formaður setur fund stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga 13:00

Fundinn sitja á Ísafirði þau Jóhanna, Nanný, Magnús, Lilja en Aðalsteinn er í fjarfundi. Auk þeirra sitja fundinn Aðalsteinn Óskarsson og Magnea.

Mættur til fundar Hjörleifur, verkefnastjóri

7. Minnisblað frá Hjörleifi Finnssyni verkefnastjóra um EarthCheck

Lagt fram til kynningar minnisblað um Earth Check

Hjörleifur fór yfir efni minnisblaðs þar sem fjallað er um stöðu og valkosti varðandi áframhaldandi aðild sveitarfélaga að Earth Check vottun, eftir að Náttúrustofa Vestfjarða sagði upp um síðustu áramót samningi við Vestfjarðastofu um framkvæmd vottunarinnar.

Til máls tóku Nanný, Jóhanna, Lilja, Aðalsteinn, Magnús,

Formaður lagði til bókun sem var samþykkt samhljóða

Stjórn telur mikilvægt að umræða um aðild að Earth Check verði tekin upp á 68. Fjórðungspingi Vestfirðinga að hausti enda er málið tengt þema þingsins.

Hjörleifur vék af fundi

8. Boðun 68. Fjórðungspings að hausti

Lögð fram tillaga að boðun og drög að dagskrá 68. Fjórðungþings Vestfirðinga að hausti, Vísað er til samþykktar 68. Fjórðungþings Vestfirðinga að vori, um efni og dagsetningu 68. Fjórðungþings að hausti, 6. og 7. október á norðanverðum Vestfjörðum. Lagt er til að þingið verði haldið í Félagsheimilinu Bolungarvík.

Til máls tóku Nanný og Jóhanna. Stjórn staðfestir að staðsetning þingsins verði í Bolungarvík og staðfestir drög að dagskrá.

Mættur til fundar Skúli Gautason, menningarfulltrúi

9. Uppbyggingarsjóður. Úthlutunarreglur og auglýsing.

Lagt fram til kynningar minnisblað vegna úthlutunar úr Uppbyggingarsjóð Vestfjarða fyrir árið 2024. Með vísan til endurskoðaðrar Sóknaráætlunar Vestfjarða frá fyrra ári eru lagðar til tvær nýjar áherslur samhliða og fella út áherslur á móti. Skúli og Magnea fóru yfir efni minnisblaðsins.

Til máls tóku Nanný, Jóhanna, Lilja og Magnús

Stjórn samþykkir reglur og úthlutunarrámmi samþykktar með áorðnum breytingum.

Skúli vék af fundinum.

10. Fundargerðir til kynningar

- a. Fundargerð 97. fundar stjórnar SSNV 21. ágúst 2023
https://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/fundergerdir_stjornar/2023/fundargerda-uka-fundar-stjornar-ssnv.pdf
Lögð fram til kynningar
- b. 597. stjórnarfundur SASS. 30. júní 2023
<https://www.sass.is/597-fundur-stjornar-sass/>
Lögð fram til kynningar

11. Umsagnir

- a. **Afgreiddar umsagnir til Alþingis**
Engin mál hafa komið til umsagnar
- b. **Afgreiddar umsagnir í Samráðsgátt**
 - Áform umbreytingar á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun nr 160/2011
 - Grænbók um skipulagsmál S 145/223
 - Umsögn um áformskjal um breytingu á lögum um skipulag haf og strandsvæða. Unnið með Sambandi íslenskra sveitarfélaga og SSA.
- c. **Afrakstur umsagna.**
Engin mál til umfjöllunar
- d. **Umsagnarbeiðni**
Engin mál til umfjöllunar
- e. **Umsagnir til skoðunar**
Lagt fram minnisblað um mál í Samráðsgátt
Til máls tóku Nanný, Lilja, Jóhanna og Magnús

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14:32